



Starfsfólk LSR fyrir utan Engjateig 11.

„Fjölskylda í ólgusjó“ á sjóðfélagafundi

Árlegur kynningar- og samráðsfundur LSR með sjóðfélögum og mökum þeirra, sem fá greiddan lífeyri frá sjóðnum, verður á Hótel Nordica í Reykjavík þriðjudaginn 15. maí nk. Hann hefst kl. 14 og lýkur ekki síðar en kl. 16. Greint verður frá hefðbundinni starfsemi, breytingum á lífeyrisgreiðslum og úrræðum sjóðsins til handa þeim sem eru í skuldavanda.

Gestafyrirlesari að þessu sinni verður Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Hún fjallar um „Íslensku fjölskylduna í lífsins ólgusjó“.

Boðið verður upp á veitingar auk þess sem tríóið Glóðir flytur nokkur lög af nýrri breiðskífu, *Bjartar vonir*. Eins og nafnið bendir til er þar að finna þekktar perlu Oddgeirs Kristjánssonar.

Búferlaflutningar í júlí

LSR og LH flytja skrifstofur sínar þann 6. júlí nk. á Engjateig 11, Reykjavík, í hús sem sjóðirnir keyptu af Kiwanishreyfingunni annars vegar og Atvinnuleysisstryggingasjóði hins vegar. Jafnframt hefur núverandi húsnæði við Bankastræti verið selt.

Skrifstofur LSR og LH verða því eftir sem áður miðsvæðis í höfuðborginni. Aðgengi sjóðfélaga og annarra, sem erindi eiga við okkur, verður þægilegra á nýja staðnum. Þar skiptir ekki síst máli að mun auðveldara er að finna stæði fyrir bíl við Engjateig en í miðborginni auk þess sem Reykjavíkurborg er stöðugt að bæta aðstöðu þeirra sem ferðast um á hjóli.

Þetta skiptir marga miklu máli á degi hverjum þegar horft er til þess að sjóðirnir hafa veitt um 15.000 sjóðfélögum lán, samtals um 62 milljarða króna, lífeyrisþegar eru um 14.000 talsins og um 35.000 manns greiða reglulega iðgjöld í sjóðinn.

Fjöldi fólks kemur á skrifstofu LSR vegna lána eða lífeyris og aðrir koma í ýmsum öðrum erindagjörðum. Það verða ekki öll erindi rekin um síma- eða tölvulínur og sumir kjósa einfaldlega persónuleg samskipti! Það verður auðveldara að heimsækja okkur á nýjan stað og við munum taka vel á móti ykkur.

Gagnlegar ábendingar

Niðurstöður úttektarnefndar um starfsemi lífeyrissjóða hafa verið teknar til ítarlegrar umfjöllunar á stjórnarfundum í LSR, opnum sjóðfélagafundum í Reykjavík og á Akureyri og á fjölmörgum stéttarfélagafundum sjóðfélaga. Mest um vert er að nefndin staðfesti að lífeyrissjóðirnir hefðu farið að lögum og reglum í starfsemi sinni en kom með gagnlegar ábendingar og athugasemdir um hvar mætti gera enn betur í stjórnýslu og starfsemi sjóðanna. Sumt hefur nú þegar verið tekið til greina, til dæmis voru settar skýrari verklagsreglur er snerta ákvarðanir sem einungis sjóðsstjórn getur tekið og hvaða ákvarðanir framkvæmdastjóri getur tekið án þess að bera fyrst undir stjórn. Þá hafa kröfur um skilmála skuldabréfa verið hertar og ákveðið að færa ítarlegri fundargerðir um niðurstöður og ákvarðanir stjórnar og fjárfestingaráðs. LSR og LH voru með fyrstu lífeyrissjóðum landsins sem settu sér siðareglur. Ástæða þykir til að endurskoða þær og gera þær ítarlegri.



Frá opnum sjóðfélagafundi sem haldinn var á Akureyri.



Marianna Jónasdóttir stjórnarformaður á sjóðfélagafundi á Akureyri í mars.

Styrkar stoðir


Styrkar stoðir eru undir lífeyriskerfi landsmanna og það gegnir fyllilega ætluðu hlutverki þrátt fyrir fjárhagslegt tjón lífeyrissjóðanna af völdum bankahrunsins og afleiðinga þess. Samanlagðar eignir LSR og LH eru um 400 milljarðar króna eða um fimmtungur heildareigna íslenskra lífeyrissjóða. Þetta er stærsti lífeyrissjóðurinn og úr honum eru greiddir um tveir milljarðar króna í hverjum mánuði, sem svarar til samanlagðra iðgjalda allra lífeyrissjóða landsins.

„Eftir að úttektarskýrsla um lífeyrissjóðina kom út var LSR oftari í fréttum en aðrir sjóðir vegna þess að fjárhagslegt tjón LSR var meira í krónum talið en annarra sjóða. Í hlutfalli við stærð sjóðanna var tjónið svipað og hjá öðrum sjóðum, reyndar ögn minna,“ segir Marianna Jónasdóttir, stjórnarformaður LSR.


Úttektarnefndin reiknaði LSR „tap“ upp á um 100 milljarða króna frá 2008 til 2010. „Gróði“ LSR og LH var hins vegar um 145 milljarðar króna á árunum 2003–2007, það er að segja samanlagðar fjárfestingartekjur ef reiknað er á sama hátt. Að nokkru leyti var þetta „pappírhagnaður“ og eðlilegt að líta á „tapið“ á árunum þar á eftir í sama ljósi.

„Úttektarskýrslan stuðlaði tvímælalaust að umræðum sem urðu að eiga sér stað. Þar var bent á eitt og annað í starfsemi LSR og annarra sjóða sem þurfti að færa til betri vegar. Mestu máli skiptir auðvitað að fá staðfest að lög hafi hvergi verið brotin.“

Hrein eign til greiðslu lífeyris



Fjárfestingartekjur – LSR og LH



Lífeyrissjóðir landsmanna löskuðust í þeim efnahagshamförum sem bankahrunið vissulega var. Hins vegar stendur upp úr að sjóðirnir stóðust hrunið, gegna hlutverki sínu og til þeirra er horft sem öflugustu fjárfesta landsins,“ segir stjórnarformaður LSR.

Samstarf við Gagnavörsluna

Starfsmenn LSR hafa í samstarfi við Gagnavörsluna unnið að uppsetningu á nýju skjala- og upplýsingakerfi fyrir sjóðinn. „Markmiðið með verkefninu er að hagræða verulega í starfsemi og spara þar með í rekstrinum. Þegar því lýkur verður LSR til fyrirmyndar að þessu leyti!“ segir Laufey Ása Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafarsviðs Gagnavörslu-

unnar, þekkingarfyrirtækis sem stýrt hefur þessari vinnu.

Farið er í gegnum alla verkferla í starfsemi og byggt upp kerfi þar sem haldið er utan um skjöl og gögn af öllu tagi. Allt sem hingað til hefur verið á pappír verður rafrænt í kerfinu og dregið verður stórlega úr pappírnotkun.



Gagnavörsluteymi að störfum. Við tölvuna situr verkefnisstjórinn, Laufey Ása Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafarsviðs Gagnavörslunnar. Standandi frá vinstri: Helgi Þór Jónsson, verkefnisstjóri af hálfu LSR, Sigríður Rósa Magnúsdóttir, starfsmaður Gagnavörslunnar, Ágústa Gísladóttir, forstöðumaður réttindasviðs LSR, Gunnhildur Manfreðsdóttir hjá Gagnavörslunni og Þorkell Sigurgeirsson, skrifstofustjóri LSR.

Konurnar í stjórn LSR



Stjórnarkonur LSR, frá vinstri: Guðrún Ágústsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Marianna Jónasdóttir og Þórveig Þormóðsdóttir.

Kynjaskipting er jöfn í stjórn LSR sem tók við í ársbyrjun 2012. Konur eru þar í báðum formannssætum og slíkt hefur ekki gerst fyrr í sögu sjóðsins; Marianna Jónasdóttir er formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir varaformaður. Sú síðarnefnda kom inn í

stjórnina um áramótin og sömuleiðis Guðrún Ágústsdóttir. Þórveig Þormóðsdóttir er fjórða konan í stjórn LSR. Aðrir stjórnarmenn eru Árni Stefán Jónsson, Eiríkur Jónsson, Gunnar Björnsson og Viðar Helgason.

Úrræði vegna greiðsluvanda

LSR býður sjóðfélögum í greiðsluvand- ræðum margvísleg úrræði og hvetur þá til að hafa samband við skrifstofu sjóðsins og ræða mál sín.

Lántakar geta óskað eftir því að:

- vanskil verði lögð við höfuðstól.
- fresta greiðslu afborgana, að hluta eða fullu, og vaxta og verðbóta í allt að eitt ár í senn. Afborgunum þess árs, sem út af kunna þá að standa, er dreift á lánstímann sem eftir er.
- fjölga gjalddögum. Greiðslubyrði lána með fáum gjalddögum á ári verður oft viðráðanlegri ef greitt er mánaðarlega, þ.e. á sama tíma og reglulegar launatekjur berast viðkomandi.
- lengja lánstíma ef lán hafa verið veitt til skemmri tíma en 40 ára.
- afborganir miðist við jafnar greiðslur (annuitetslán). Greiðslubyrði nýlegs láns með jöfnum afborgunum af höfuðstóli er jafnan nokkuð þyngri en af jafngreiðsluláni.
- lán fylgi greiðslujöfnunarvísitölu.

Nánar má lesa um framangreind úrræði á heimasíðu sjóðsins: www.lsr.is

Viltu fræðast um réttindi þín?

LSR býður sjóðfélögum upp á opna kynningarfundi um lífeyrismál þann 24. maí nk. Fundirnir eru haldnir á Hilton Reykjavík Nordica.

Hægt er að velja um að mæta á fund að morgni dags eða beint eftir vinnu.

Nánari upplýsingar á heimasíðu LSR: www.lsr.is eða hjá þjónusturáðgjafa í síma 510-6100.

Hvers vegna erlendar eignir?

Erlendar eignir eru mikilvægur hluti af eignasafni lífeyrissjóða. Fjárfestingar utan landsteinanna eru, vegna fjarlægðar við íslenskan verðbréfamarkað, hluti af áhættudreifingu í eignasafni. Hættan sem skapast við fjárfestingar í einu hagkerfi er mun meiri en í vel dreifðu safni víða um heim. Ef eitt hagkerfi hrynur þá er gott að hafa ekki öll eggjin í einni körfu. Áhættuflokkarnir eru margir þegar horft er til fjárfestingar í einu hagkerfi eins og á Íslandi. Það er markaðsáhætta, gjaldmiðlaáhætta, kerfisáhætta og margt fleira. Því er það nauðsynlegt fyrir lífeyrissjóði á Íslandi að hafa heimild til fjárfestinga utan Íslands til þess að geta dreift áhættunni og forðast algert tap ef eitt land eða landsvæði lendir í algjöru hruni.

Samval verðbréfa hjá lífeyrissjóðum snýst um að velja saman fjárfestingarkosti með það að markmiði að ná fram áhættudreifingu. Sem dæmi má nefna kaup í ólíkum eignaflokkum sem hafa ekki mikla fylgni hver við annan eða kaup í fyrir-tækjum sem starfa á ólíkum sviðum atvinnulífs.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinnsson
Umsjón: Páll Ólafsson
Hönnun og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa
Prentun: Svansprent

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 • Sími: 510 6100

Símatími 9:00–16:00
Afgreiðslutími 9:00–15:30



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100
Fax: 510 6150 • lsr@lsr.is • www.lsr.is



Markarfljótsgljúfur

Séreignarsparnaður er mikilvægur

Flesta dreymir um að hafa það náðugt þegar að starfslokum kemur, sinna áhugamálum, ferðast eða veita sér yfirleitt eitthvað umfram hið daglega líf. Þegar lífeyristaka hefst lækka tekjurnar hins vegar óhjákvæmilega og er því nauðsynlegt fyrir hvern og einn að sýna fyrirhyggju og huga vel að sparnaði til efri ára.

Séreignarsparnaður er einfalt og afar hagstætt sparnaðarform. Hann er í raun bein launahækkun því launagreiðanda ber að greiða kjarasamningsbundið mótframlag við framlag launamanns í séreignarsjóð. Sér-eignarsparnaður hefur einnig skattahagræði í formi skattfrestunar í för með sér því ef

greidd eru 2% í séreignarsparnað á mánuði er ekki tekinn skattur af upphæðinni.

Einnig má benda á að séreignarsparnaður er eina tegund sparnaðar sem undanþegin er fjármagnstekjuskatti og ekki þarf að greiða erfðafjárskatt af séreign ef maki og börn erfa hana. Þá er séreignarsparnaður ekki aðfararhæfur við gjaldþrot.

Séreign LSR tekur hvorki þóknanir né umsýslugjöld. Eignastýring LSR sér um ávöxtun eigna samhliða öðrum eignum LSR, stærsta lífeyrissjóðs landsins. Varfærni og reynsla einkennir eignastýringu fjárfestingarleiða Séreignar LSR.

Að ávaxta sitt séreignarpund

Hér fyrir neðan má sjá einföld en skýr dæmi um hvernig hægt er að stofna eigin lífeyrissjóð sem hver og einn getur smám saman aukið í árána rás. Byggt er á einföldum forsendum sem aðeins skulu hafðar til viðmiðunar. Miðað er við að greidd séu 2% af 400 þús. kr. mánaðarlaunum í 20 ár og atvinnurekandi greiði 2% á móti. Ef þú sparar 8000 borgar atvinnurekandinn 8000 á móti. En í raun ertu aðeins að lækka ráðstöfunartekjur þínar um 4780 krónur!

Ávöxtunin ræður að sjálfsögðu miklu um árangurinn þegar upp er staðið. Eftir 10 ár á viðkomandi séreignarforða upp á um 2,3 milljónir króna og um 5,5 milljónir króna eftir 20 ár ef meðalávöxtunin er 3,5%. Þetta er hægt að gera án þess að skerða svo mjög mánaðarlegar ráðstöfunartekjur. Skynsamlegt er að byrja strax í upphafi starfsævinnar að spara, sýna fyrirhyggju og njóta þess við starfslok.

Eign eftir:	3,5% meðalávöxtun	5,0% meðalávöxtun
5 ár	1.047.458	1.088.097
10 ár	2.294.920	2.484.516
15 ár	3.780.577	4.276.623
20 ár	5.549.908	6.576.539